

Bstj. 19. janúar 2010

Forseti: Þá er tekið fyrir næsta mál á dagskrá sem er 7. liður útsendrar dagskrár sem er fundargerð borgarráðs frá 7. janúar og fundargerð borgarráðs frá 14. janúar. Þar þurfum við sérstaklega að greiða atkvæði um 6. lið sem er verkefni við þjóðaratkvæðagreiðslu, þ.e.a.s. umboð til borgarráðs. Þeir sem að samþykkja þann lið gefi merki. Það er samþykkt með 15 greiddum atkvæðum.

Þá er tekinn fyrir 8. liður dagskrárinnar sem er:

Fundargerð forsætisnefndar frá 15. janúar

Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 11. janúar

Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 11. janúar

Fundargerð menntaráðs frá 13. janúar

Fundargerð skipulagsráðs frá 13. janúar

Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 5. og 12. janúar

Fundargerð velferðarráðs frá 13. janúar

Til máls tekur borgarfulltrúi Jórunn Frímansdóttir.

- 6. mál** **Fundargerð forsætisnefndar frá 15. janúar**
Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 11. janúar
Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 11. janúar
Fundargerð menntaráðs frá 13. janúar
Fundargerð skipulagsráðs frá 13. janúar
Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 5. og 12. janúar
Fundargerð velferðarráðs frá 13. janúar

Jórunn Frímannsdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég kveð mér hljóðs hér undir 8. lið undir fundargerð velferðarráðs frá 13. janúar sl. En áður en ég kem að efni þeirrar fundargerðar þá langar mig að segja í því tilefni að hér áðan var Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi að ræða atvinnumál ungs fólks hér fyrir sumarið og þá vil ég örlítið koma inn á það, að auðvitað erum við öll að hugsa um þau mál og leggjum á það alla áherslu að reyna að sjá fyrir – nei ég ætla bara örstutt Sóley. Það er bara þetta með að atvinnumálahópurinn er auðvitað starfandi á fullu og að skoða þessi mál undir forsæti Oddnýjar Sturludóttur sem er frá minnihlutanum, þannig að mér finnst ekki rétt að það sé ekki hægt að tala um samráð. Það er það eina sem að ég vildi koma að. Mér finnst við vera að vinna þetta í góðu samráði og ég legg á það alla áherslu að við gerum það áfram.

Varðandi þá fundargerð velferðarráðs frá 13. janúar sl. þá langar mig að vekja athygli á tillögu sem var samþykkt samhljóða í ráðinu, þar sem lagt er til að í samræmi við viljayfirlýsingu dags. 28. ágúst 2008 um þjónustu við geðfatlaða að gengið verði til samninga við félags- og tryggingamálaráðuneytið um yfirfærslu á þjónustu frá ríki til Reykjavíkurborgar í málefnum geðfatlaðra. Þessi tillaga var samþykkt samhljóða í ráðinu og er mikið framfaraskref. Það er rosalega stórt skref að við skulum hafa náð því að finna flöt á því hvernig við göngum til samninga um þetta mál og sjá fyrir endann á þeirri vegferð sem að búin er að vera ansi löng eða eins og fram kemur þá var skrifað undir viljayfirlýsinguna 28. ágúst 2008. En af þessu tilefni bókaði velferðarráð með svohljóðandi hætti, með leyfi forseta:

Velferðarráð samþykkir nú að taka yfir þá þjónustu við geðfatlaða sem áður var veitt á vegum Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra. Þannig er búið að yfirfæra alla þjónustu við þennan tiltekna hóp til borgarinnar og er það gleðiefni. Tryggt verður að geðfatlaðir muni eiga kost á búsetu í einstaklingsíbúð sem best hentar hverjum og einum miðað við óskir, aðstæður og þörf fyrir þjónustu. Velferðarráð lítur svo á að þetta sé liður í því að taka yfir þjónustu við fatlaða þannig að nærþjónusta við alla Reykvíkunga verði á einni hendi. Velferðarráð þakkar þeim starfsmönnum velferðarsviðs sem unnið hafa að málinu, og veit að það er ekki að

Bstj. 19. janúar 2010

ástæðulausu að Geðhjálp hafi á 10 ára afmæli sínu nýlega verðlaunað verkefnisstjóra velferðarsviðs sem ráðinn var til þessa verkefnis.

En það er gaman að geta þess að það er Jóna Rut Guðmundsdóttir sem hefur unnið að þessu sleitulaust í um örugglega 2 ár og þessi yfirfærsla það sem að þegar er komið, þeir búsetukjarnar sem þegar eru í gangi á vegum borgarinnar í þjónustu við geðfatlaða gengur afskaplega vel og mikil ánægja með það að þjónustan sé að færast nær íbúunum og einstaklingunum með þessum hætti. Og vil ég bara fagna þessari ákvörðun okkar og vekja athygli á henni hér með þessum hætti. En það getur vel farið svo að við tökum þessi málefni sérstaklega á dagskrá hér fljótlega eða um það leyti sem að skrifað verður síðan undir þetta samkomulag.

Forseti: Borgarfulltrúi Jórunn Frímansdóttir hefur lokið máli sínu. Þá hefur óskað eftir að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúa, borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

- 6. mál** **Fundargerð forsætisnefndar frá 15. janúar**
Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 11. janúar
Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 11. janúar
Fundargerð menntaráðs frá 13. janúar
Fundargerð skipulagsráðs frá 13. janúar
Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 5. og 12. janúar
Fundargerð velferðarráðs frá 13. janúar

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það er svolítið merkilegt að ég skuli undir fundargerðum vera að koma athugasemd um ræðu mína frá liðnum hér á undan, þar sem að fulltrúi meirihlutans í atvinnumálahópi gerir tilraun til að fullvissa mig um að verið sé að vinna í málinu að hálfu atvinnumálahóps og auðvitað séu allir fulltrúar meirihlutans að hugsa um þessi mál. Ég veit mæta vel hvað fer fram í atvinnumálahópi og hef tekið fullan þátt í því starfi sem að þar fer fram. Annað mætti kannski segja um fulltrúa meirihlutans í þeim hópi sem að hafa verið ansi sjaldséðir á þeim fundum og hughreysting frá þeim dugar ansi skammt fyrir mig, það verð ég að segja. Ég vonast til þess þó að ræða mín hér áðan hafi eitthvað aðeins hreyft við þeim sem að skipa hópinn af hálfu meirihlutans og vona að úr þessu verði bætt í framtíðinni.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur veitt andsvar við ræðu borgarfulltrúa. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Hermann Valsson.

- 6. mál** **Fundargerð forsætisnefndar frá 15. janúar**
Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 11. janúar
Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 11. janúar
Fundargerð menntaráðs frá 13. janúar
Fundargerð skipulagsráðs frá 13. janúar
Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 5. og 12. janúar
Fundargerð velferðarráðs frá 13. janúar

Hermann Valsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Mig langar að taka til máls undir fundargerð menntaráðs frá 13. janúar – 113. fundur. Það vakti athygli mína lítið mál sem að er lítið og ekki lítið, varðandi embættisafgreiðslu erindis sem að barst menntaráði. Þar er um að ræða athugasemd eða skýringar frá foreldri vegna banns við hjólreiðum í skólann. Þá hafði skólastjóri í borginni bannað börnum að koma á hjólum í skólann og ég efa það ekki að viðkomandi skólastjóri hafi gert það af góðum og umhyggjusömum hug og ekki séð að aðstæður í hverfinu væru þannig að þær byðu uppá hjólreiðar í skólann. En þetta skýtur svolítið skökku við þegar að við viljum líta á hjólin sem samgöngutæki og miðað við áherslu okkar og meirihlutans á umhverfisvænar samgöngur þá er ótrúlegt að lausnin sé að banna börnum að koma á hjólum í skólann. Að ekki skuli vera hægt að leysa málið á annan hátt en að banna börnunum að koma á hjólum í skólann. Þess ber að gæta að viðkomandi foreldri hefur ákaflega góða yfirsýn og góða vitneskju um börn, hann er barnalæknir og er þarna greinilega að fá börnin sín til að hjóla og hreyfa sig meira, en þá er börnunum bannað að koma á hjólum í skólann. Við í umhverfisvænu Reykjavík.

Mig langar því að spyrja formann umhverfis- og samgöngusviðs borgarfulltrúa Gísla Marteinn Baldursson að því hvort að þetta sé sú lausn sem boðið er upp á til að auka notkun á hjólreiðum í borginni, að banna börnum að hjóla í skólann eða hefur umhverfis- og samgöngusvið einhverjar aðrar lausnir í þessu máli. Nóg hefur verið sagt um alla kílómetrana sem hafa verið lagðir í hjólreiðastígum og öðru slíku. Þannig að ég vil gjarnan fá að heyra hvort að umhverfis- og samgöngusvið hefur einhverja stefnu í þessum málum og hvenær við fáum að sjá hana.

Forseti: Borgarfulltrúi Hermann Valsson hefur lokið máli sínu. Þá veitir andsvar við ræðu borgarfulltrúa borgarfulltrúi Gíslu Marteinn Baldursson.

- 6. mál** **Fundargerð forsætisnefndar frá 15. janúar**
Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 11. janúar
Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 11. janúar
Fundargerð menntaráðs frá 13. janúar
Fundargerð skipulagsráðs frá 13. janúar
Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 5. og 12. janúar
Fundargerð velferðarráðs frá 13. janúar

Gísli Marteinn Baldursson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég verð að viðurkenna að ég heyrði ekki alveg fyrsta hluta af ræðu borgarfulltrúans, en heyrði þó megin málið. Hann gerði þar að umtalsefni sem sagt það að einhverjir skólar hafa bannað það að börn komi á hjólum. Það hygg ég að sé ekki einhver heildarstefna frá skólunum heldur einstakir skólastjórar sem taka það upp hjá sér. Ég hef reyndar heyrt ýmsar skýringar á því af hverju þeir gera þetta. Sumir bera við að það sé hættulegt fyrir börnin að koma hjólandi þegar að það er hálka sem mér finnst vera einkennilegt og held að það ætti frekar að láta foreldrunum það eftir að meta það hvort að það sé óhætt fyrir krakkana að fara hjólandi. Ég hef líka heyrt að sumum finnst bara hreinlega vera of mikið kraðak af hjólum fyrir utan, að það séu ekki hjólagrindur og þess vegna eigi að banna fólki að koma á hjóli í skólann, þekki ekki nákvæmlega í hvaða skólum það er ef að þetta er raunin. En til að svara spurningunni sem að mér snýr þá er engin heildarstefna frá umhverfis- og samgönguráði um þetta. Við reynum bara og viljum hvetja sem flesta til þess að koma á hjóli í skólann í rauninni allan ársins hring. Þannig að þetta er ekki frá okkur komið í umhverfis- og samgönguráði að krökkum sé beint að því að koma með einhverjum öðrum hætti í skólann. Þannig að hvort það sé til einhver heildarstefnumótun um það hvort börn eigi að koma á hjóli í skólann eða ekki, þá er svarið nei það er ekki til. Enda hlýtur þetta að vera á valdi hvers og eins heimilis hvernig menn fara í skólann.

Forseti: Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur veitt andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Hermann Valsson.

- 6. mál** **Fundargerð forsætisnefndar frá 15. janúar**
Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 11. janúar
Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 11. janúar
Fundargerð menntaráðs frá 13. janúar
Fundargerð skipulagsráðs frá 13. janúar
Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 5. og 12. janúar
Fundargerð velferðarráðs frá 13. janúar

Hermann Valsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég þakka Gísla Marteini Baldurssyni borgarfulltrúa og formann umhverfis- og samgönguráðs fyrir að koma hér í smá spjall um þetta mál. Ég geri mér alveg ljóst að hann hafi líklega ekki fengið þetta mál inn á sitt borð. En svo býr að baki; er það spurningin um hvort að börnin eigi að fara að ráðum foreldra sinna og hjóla í skólann eða hvort að þau eigi að hlýða skólastjóranum. Auðvitað er þetta foreldrunum í sjálfsvald sett en það er mjög slæmt, að ef þau vilja hvetja börnin til hreyfinga að þau geti þá ekki notað til dæmis þessa hreyfingu. Og það er eiginlega það sem að ég vildi koma hér að og ýta því að formanni umhverfis- og samgöngusviðs að þarna þurfum við að gera bragarbót. Sem kennari og hef unnið í nokkrum skólum borgarinnar að þá geri ég mér alveg grein fyrir því að þessu er svolítið misskipt hvort að um er að ræða aðstöðu í skólanum til að vera með hjólin eða hverfið sjálft. En ég er viss um að það er umhyggja sem þarna býr að baki. En þá hlýtur það að vera okkar að bæta úr þessu og það er sú hvatning sem ég vil beina til formanns umhverfis- og samgönguráðs að gera börnum það kleift að koma á hjólum í skólann sé þess nokkur kostur hvenær sem er ársins. Og það er eiginlega það sem ég var að sækja eftir, borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson, hvort að ráðið hefði einhverja stefnu um það að svo væri gert og ef ekki hvenær við mættum vænta þess að sjá hana.

Forseti: Borgarfulltrúi Hermann Valsson hefur lokið við að svara andsvari. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson.

- 6. mál Fundargerð forsætisnefndar frá 15. janúar**
Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 11. janúar
Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 11. janúar
Fundargerð menntaráðs frá 13. janúar
Fundargerð skipulagsráðs frá 13. janúar
Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 5. og 12. janúar
Fundargerð velferðarráðs frá 13. janúar

Gísli Marteinn Baldursson: Virðulegi forseti, ágæta borgarstjórn. Ég kveð mér hér hljóðs vegna fundargerðar umhverfis- og samgönguráðs frá 12. janúar sl. sem fjallar nú um mál sem borgarfulltrúi Hermann Valsson var hér að ræða um áðan, þ.e.a.s. hjólreiðar í borginni. Vegna þess að á þessum fundi var samþykkt undir 7. lið hjólreiðaáætlun, áætlunin var samþykkt einróma og henni vísað til borgarstjórnar með svohljóðandi bókun sem umhverfis- og samgönguráð samþykkti einróma:

Umhverfis- og samgönguráð fagnar því að Hjólaáætlun Reykjavíkur sé loks samþykkt í ráðinu. Áætlunin er metnaðarfull og framsýn og mun vonandi gegna stóru hlutverki í framtíðaruppbyggingu borgarinnar. Ráðið þakkar Pálma Frey Randverssyni, starfsmanni Umhverfis- og samgöngusviðs, hans miklu vinnu við undirbúning stefnunnar, sem og öðrum starfsmönnum sviðsins, sem komu að vinnunni.

Og ég held sem sagt hér á útprentuðu eintaki þessarar hjólaáætlunar sem ber yfirskriftina Hjólaborgin Reykjavík og er gagnmerkt plagg, bæði að útliti og innihaldi, að mínu mati. Og ætla strax að segja frá því að þessi hjólaáætlun verður sérstakur dagskrárliður á næsta fundi borgarstjórnar og fer í millitíðinni í borgarráð, en þar sem að þetta er inn á fundargerðinni sem að liggur hérna fyrir fundinum þá vildi ég svona vekja athygli á þessu merkilega plaggi. Og ég hef verið formaður starfshópsins lengst af en Dofri Hermannsson var einnig formaður þessa starfshóps á tímabili, en auk okkar tveggja er það Friðrik Dagur Arnarson, en það hafa líka verið í hópnum þær Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir og Ásta Þorleifsdóttir.

Nú, í þessu plaggi kemur í fyrsta skipti fram mjög heildstætt net hjólreiðastíga í Reykjavík, það er í fyrsta skipti sett fram stofnstígakerfi sem að er núna nauðsynlegt vegna nýrra vegalaga til þess að styrkja samningsstöðu okkar gagnvart Vegagerðinni, sem að núna getur sett fé í lagningu hjólreiðastíga ef þeir eru hluti af stofnstígakerfi. Það er reyndar leiðinlegt að í fyrsta skipti sem reyndi á

Þetta þá var Vegagerðin ekki tilbúin til þess að setja pening í þetta, en þeir fullyrða þar að það sé af tæknilegum ástæðum. Nú í þessu plaggi er líka reynt að fara yfir allan ferilinn við gerð hjólreiðastíga allt frá hönnun og til viðhalds, og það er farið yfir mismunandi gerðir hjólreiðastíga sem að henta mismunandi stöðum. Það er farið yfir það hvernig hjólreiðastígar henta mismunandi götum eftir umferðarhraða. Það eru lagðar til nokkrar megin leiðir sem ekki hafa verið samþykktar í skipulagi endilega en eru svona hugmyndir hópsins um það hvernig verulega mætti bæta aðgengi hjólreiðafólks í borginni. Það er tillaga hópsins að þær tillögur fari síðan í formlegt ferli innan borgarinnar og verði samþykktar og framkvæmdar hið allra fyrsta.

Og megin leiðirnar sem farnar eru í þessari skýrslu eru í rauninni tvenns konar: Í fyrsta lagi er hugmyndin að þetta verulega netið út frá einum punkti sem að nefndin ákvað og punkturinn sem var tekinn er fyrsti hjólastígurinn sem gerður var hér í borginni, sem að er efsti hluti Laugavegar, þ.e.a.s. verslunargötunnar, þ.e.a.s. frá Snorrabraut og niður á Barónsstíg. Þar var fyrir, ætli það séu ekki komin um 10 ár síðan að sá hjólreiðastígur var lagður, hann er heldur snubbóttur en hefur svona öðlast ákveðinn sess meðal hjólreiðamanna í borginni, bæði er hann sá fyrsti og svo er hann þarna til staðar. Þannig að út frá honum er tekinn ákveðinn radíus og innan þess radíus á að þetta netið verulega, þar fyrir utan á að búa til stofnbrautir úr úthverfunum og inná aðal atvinnukjarnana sem að eru þá öruggar og greiðfærar og verður tryggt sérstaklega að menn komist hratt og örugglega leiðar sinnar.

Það er okkar von sem að störfuðum í þessum hópi að þetta plagg verði ekki dautt plagg, sem að verði talað um hér í borgarstjórn einu sinni og svo lítið meira heldur verði þetta lykilplagg við gerð aðalskipulags, þetta verði lykilplagg þegar verður skoðað deiliskipulag á hverjum stað í borginni og að um langa framtíð verði þetta plagg til grundvallar þegar að við reynum að skipuleggja borgina okkar. Í þessu eru líka margir áróðurspunktar, ef ég má kalla þá svo, sem að er fyrir okkur sem að viljum reyna að auka hlutdeild hjólreiða í borginni þar sem að við getum veifað slíkum tölum framan í aðra sem að ekki eru jafngírugir í þá átt. Þannig að ég óska öllum sem að áttu hlut að máli við þetta til hamingju með þetta plagg og þakka

Bstj. 19. janúar 2010

þeim fyrir samstarfið og raunar borgarstjórn allri og hlakka til að eiga góðar umræður um þetta hér á næsta fundi borgarstjórnar.

Forseti: Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Dofri Hermannsson.

- 6. mál** **Fundargerð forsætisnefndar frá 15. janúar**
Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 11. janúar
Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 11. janúar
Fundargerð menntaráðs frá 13. janúar
Fundargerð skipulagsráðs frá 13. janúar
Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 5. og 12. janúar
Fundargerð velferðarráðs frá 13. janúar

Dofri Hermannsson: Virðulegi forseti. Ég tek til máls af sama tilefni og borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson og vil í rauninni bara þakka fyrir þá ágætu vinnu sem að farið hefur fram. Auðvitað hefði maður kannski kosið að þetta hefði gengið hraðar, en niðurstaðan er engu að síður mjög vönduð skýrsla og vinnan hefur verið mjög faglega unnin af þeim starfsmanni umhverfis- og samgöngusviðs sem það verkefni fékk. Og eins og borgarfulltrúi Gísli Marteinn kom inná, þá er þetta áætlun um fyrstu skref og hún gengur í raun út á það að taka ákveðinn kjarna í miðborginni og nokkuð stóran þó, og gera hjólreiðar aðgengilegar innan þess kjarna.

Hún gengur líka út á að styrkja ákveðnar stofnleiðir og það er ágætt, og við gleðjumst yfir því úthverfamennirnir sem að leggjum það á okkur að hjóla þaðan vetur og sumar. Það er hluti af þessari áætlun að styrkja ákveðnar stofnleiðir út í úthverfin: Grafarvog, Grafarholt, Árbæ og Breiðholt. Og um þetta er í rauninni kannski ekki margt að segja annað en að ég vona að það verði niðurstaða núna við vinnu 3ja ára áætlunar og þá fjárhagsáætlunina í framhaldi af því, að við forgangsröðum þessum framkvæmdum þannig, að við fáum sem allra flesta kílómetra af hjólastígum fyrir peninginn. Af því að það eru peningar sem eru dálítið af skornum skammti núna þessi misserin og því meira og lengri hjólaleiðir sem að við getum lagt fyrir þá peninga sem við eigum til því betra. Og aðeins eitt kannski við þetta að bæta að inn í þessari áætlun er ekki bara verið að tala um að leggja malbik eða merkja hjólaleiðir í götur, hér er líka dálítið komið inn á punkt sem að ég hef alltaf talið að væri gríðarlega mikilvægur og það er áróður. Það er fræðsla og áróður í rauninni fyrir þessum samgöngumáta og hvatning sem verður ekki bara sett fram sem auglýsingaefni, heldur þarf líka að setja fram í viðræðum borgarinnar við fyrirtæki í borginni um að þau taki upp græna samgöngustefnu fyrir sig og sína starfmenn, og til dæmis geri það auðveldara fyrir starfsmenn að mæta á hjólum.

Bstj. 19. janúar 2010

Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson minntist hérna á hjólagrindur og fleira því umlíkt. Sem starfsmaður Reykjavíkurborgar vil ég segja það að hér get ég alveg valið um tvær mismunandi hjólagrindur við Ráðhúsið. En það er útaf fyrir sig dálítið merkilegt að í Ráhúsinu eða hérna við Tjarnargötuna skuli ekki vera einasta sturta fyrir þá sem að vilja koma hingað úr úthverfunum og sá sem að hér talar hann hefur nú yfirleitt brugðið á það ráð að skella sér einfaldlega í heitapottinn í Sundhöllinni. En það væri held ég tilvalið að þegar við kynnum þessa ágætu áætlun á næsta fundi borgarstjórnar að þá samþykkjum við tillögu um það líka að það verði komið upp sturtuaðstöðu fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar sem vinna hér við Ráðhúsið.

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

- 6. mál Fundargerð forsætisnefndar frá 15. janúar**
- Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 11. janúar**
- Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 11. janúar**
- Fundargerð menntaráðs frá 13. janúar**
- Fundargerð skipulagsráðs frá 13. janúar**
- Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 5. og 12. janúar**
- Fundargerð velferðarráðs frá 13. janúar**

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Mig langar örstutt að taka undir með þeim sem að hér hafa talað um hjólreiðaáætlun sem að var lögð fram í umhverfis- og samgönguráði og var í framhaldi af samþykkt borgarstjórnar. Og það er skemmtilegt við þessa tillögu að hún var, ekki skemmtilegt en það svona segir margt um vinnubrögðin kannski, að hún var lögð fram hér þessi tillaga af hálfu Árna Þórs Sigurðssonar sem nú er kominn á annan stað í sínu pólitíska lífi heldur en að vera með okkur hér, en hann lagði þetta fram sem sína síðustu tillögu hér á vettvangi borgarstjórnar, og eins og menn þekkja að hér er hefð fyrir því að taka vel í slíkar tillögur og vinna með þær og nú hefur það verið gert.

Mig langaði til að vekja athygli á því vegna þess að einhvern tíma var sagt í þeim umræðum þegar að einhver borgarfulltrúinn kvaddi hér, að menn væru ekki alveg vissir um hvað yrði um þessar tillögur þrátt fyrir að þær væru alltaf samþykktar einróma. En það er til mikillar fyrirmyndar hvernig hefur verið haldið á þessu verkefni og gott að borgarstjórn sé sammála um það að ræða málið sérstaklega á næsta fundi, fínt mál. Og ég vildi bara þakka eins og aðrir hafa gert hér þeim sem að þessu verkefni hafa komið og líka vekja athygli á því hversu mikill samhljómur er í þessari tillögu sem að var samþykkt í umhverfis- og samgönguráði og því verkefni sem við ræddum hér fyrr í dag um sóknaráætlun fyrir Reykjavíkurborg og hugmyndaþingið þar sem að er áréttað í þessu plaggi kemur mjög mikið fram í óskum íbúa um enn betri borg.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu og er fundi í Borgarstjórn Reykjavíkur þriðjudaginn 19. janúar árið 2010 slitið kl. 18:47.

Bstj. 19. janúar 2010